

# LEONARD

2008/2009




## HJARTARFI

*Aggjet Pétursson*

SKARTGRIPUR HANNAÐUR AF  
EGGERTI PÉTURSSYNI OG  
SIF JAKOBS FYRIR LEONARD

TIL STYRKTAR NEISTANUM  
STYRKTARFÉLAGI HJARTVEIKRA BARNA

SALA HEFST Í DESEMBER 2008



*Leonard*



# HJARTARFI Á HÁLSMENI

ÍSLENSKIR LISTAMENN HANNA EINSTAKAN GRIP



TIL STYRKTAR NEISTANUM,  
STYRKTARFÉLAGI  
HJARTVEIKRA BARNA

Leonard býður nú í fyrsta sinn sérhannaðan íslenskan grip til sölu fyrir jólin, grip sem er tilvalinn til gjafa fyrir ástvini og aðra. Fyrirmyndin er sótt í íslenska náttúru og hönnuðurnir eru þekktir íslenskir listamenn, Eggert Pétursson og Sif Jakobs.

Eggert Pétursson listmálari segir að sér hafi strax litist vel á að teikna skartgrip fyrir Leonard þegar það var nefnt við hann í sumar. „Ég hef alltaf verið spenntur fyrir skartgripum og oft fengið hugmyndir í þá áttina en aldrei fundið lausn á því hvernig ég gæti unnið úr þeim hugmyndum. Smáatriðin í málverkunum mínum og blómin sjálf hafa oft einhvers konar tengsl við skartgripni eða skart,“ segir Eggert.

Hvers vegna valdi hann hjartarfa? „Ég hef alltaf hrifist af þessari plöntu þó hún teljist illgresi. Það eru hjartalaga fræhyllkin og glitrandi smágerð blómin sem eru

einstaklega heillandi. Fyrr á þessu ári lauk ég við málverk af hjartarfa og ef til vill var það þess vegna sem þessi planta var það fyrsta sem mér datt í hug þegar ég var beðinn um að hanna menið.“

En hvað hafði Eggert í huga við útfærsluna? „Ég ákvað að sjónarhornið á plöntuna væri beint ofan frá, þannig að hjartalaga fræhyllkin myndi krans utan um blómin. Einnig voru litirnir mikilvægir. Það er oft fjólublá slika á bikarblöðunum og því fannst mér fjólublái liturinn nauðsynlegur.“

Eggert hitti Sif Jakobs í sumar og sendi henni síðan nokkrar skissur af tilögum til útfærslu. „Hún valdi eina sem hún útfærði frekar og ég samþykkti.“

Guðný Sif Jakobsdóttir hönnuður og gullsmiður, sem er betur þekkt sem Sif Jakobs, segir að sér hafi litist virkilega vel á teikningar Eggerts. „Þær gripu mig strax. Val Eggerts á hjartarfa kom mér

skemmtilega á óvart. Ég þekkti ekkert til þessarar jurtar en Eggert fræddi mig nánar um liti jurtarinnar og hvar og hvernig hún vex í íslensku náttúru.“

„Eggert gerði þrjár teikningar. Ég hefði getað útfært þær allar í skartgrip, þær eru hver annarri fallegri,“ segir Sif. „Ég vildi gera fallegt hálsmen með karkakter og sjarma og endurspeglu jurtina. Hjörtun í meninu spegla hlýleika, ást og virðingu. Kristaltærir zirconia-steinar skína skært, fjólublái steinninn ametyst er talinn færa fólki gæfu og steinninn peridot dregur fram falleg ólífugræn hjörtu í meninu. Einstakt útlit hjartarfans nær að halda sér í skartgripnum.“

„Ég dáist að verkum Eggerts,“ segir Sif, „og það er heiður að fá að vinna með honum. Hann er einn fremsti listamaður okkar tíma á Íslandi og jafnvel víðar. Eggert er mjög mikill fagmaður og ég naut þess að vinna með honum.“

Ólúmalverk sem Eggert Pétursson gerði í vor af hjartarfa, sem er planta af krossblóma-

ætt og algeng um allt land. Fræhyllkin (aldinin) eru hjartalaga og af þeim er nafnið dregið.



**Eggert Pétursson** er listmálari, f. 1956. Hann nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og síðar í Jan van Eyck Academie í Maastricht, Hollandi. Eggert hlaut önnur verðlaun Carnegie Art Award 2006. Málverkasýningar hans haustið 2007 vöktu mikla athygli. Annars vegar var yfirlitssýning á Kjarvalsstöðum, hins vegar sýning í Galleríi i8. Þar voru 100 málverk til sölu. Þau seldust öll á einum degi.

**Sif Jakobs** er íslenskur gullsmiður og hönnuður, f. 1976. Hún lærði gullsmíði og skartgripahönnun í Svíþjóð en starfaði um margra ára skeið á Ítalíu. Undanfarin ár hefur Sif hannað og framleitt skartgripalínu í eigin nafni, línu sem hefur öðlast viðurkenningu fyrir glæsileika og frumleika. Sif er einnig aðalhönnuður IT:Moda, sem er eitt af stærstu skartgripafyrirtækjunum í Kína. Skartgripir eftir Sif Jakobs eru seldir í Leonard.

## EFNISYFIRLIT // SKART

SIF JAKOBS	4-5
HENDRIKKA WAAGE	6-7
AURUM	8-9
SIGN	10-11
HOT DIAMONDS	12-13
EDALSKART	14-15

## EFNISYFIRLIT // ÚR

TAG HEUER	16-17
BREITLING	18-19
OMEGA	20-21
RAYMOND WEIL	22-23
TISSOT	24-25
CANDINO	26-27
GUESS	28-29

## EFNISYFIRLIT // FYLGIHLUTIR

MONTBLANC	30-31
CALVIN KLEIN	32-33



Sævar Jónsson eigandi Leonard og Tómas Jónasson framkvæmdastjóri fyrirtækisins segja að þegar hjartarfi hafði verið valinn sem fyrirmynd skartgripsins hafi legið beinast við að styrkja samtök hjartasjúklinga með sölnunni. Fyrir valinu varð Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna. Þeim hefur verið tryggð ákveðin upphæð sem vex eftir því sem salan er meiri.

„Þessi stuðningur er okkur mjög mikils virði, ekki síst á þessum erfiðu tímum í fjármálum,“ segir Guðrún Bergmann Franzdóttir formaður Neistans.

Hálsmenið er aðeins selt í verslunum Leonard í Kringlunni og Leifsstöð. Upplagið er takmarkað. „Ef vel tekst til verður nýr skartgripur framleiddur fyrir næstu jól,“ segir Tómas. „Þá höfum við í huga, eins og nú, að gripurinn sé listrænn og eigulegur en jafnframt er mikilvægt að geta lagt góðu málefni lið.“

Sif Jakobs og Eggert Pétursson með silfurskartgripinn sem þau hönnuðu.

Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna, hefur það meðal annars að markmiði að auðvelda aðgengi foreldra að upplýsingum sem varða hjartasjúkdóma barna og hjartagalla, meðferð þeirra, réttindi fjölskyldunnar, mannlega þáttinn og fjárhagslegan stuðning. Ár hvert fæðast um sjöfú börn með hjartagalla og þarf helm-ingur þeirra að gangast undir aðgerð. Flestir gallar eru meðhöndlaðir með skurðaðgerð, í hjartaþræðingu eða með lyfjagjöf. Þriðjungur aðgerða eru framkvæmdar hérlandis en aðrar aðallega í Boston.



Hlutar úr frumteikningum Eggerts af hjartarfahálsmeninu.

